



Fundargerð

14. fundur byggingarnefndar vegna rakaskemmda í stofnunum Reykjanesbæjar
haldinn að Tjarnargötu 12, 23. febrúar 2023 kl. 14:00

Viðstaddir: Friðjón Einarsson formaður, Kjartan Már Kjartansson, Guðmundur Björnsson, Grétar I. Guðlaugsson, G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu.
Fundargerð ritaði Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir.

Gestir fundarins voru: Birgir Örn Birgisson lögfræðingur frá Consensa sem sat fundinn í gegnum fjarfundabúnað, Hlynur Jónsson skólastjóri Myllubakkaskóla, Helga Hildur Snorradóttir skólastjóri Holtaskóla, Sigrún Huld Auðunsdóttir deildarstjóri í Holtaskóla, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Regína Fanný Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Kristinn Þór Jakobsson innkaupastjóri.

* * *

1. Myllubakkaskóli

G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu fór yfir eftirfarandi þætti:

- Farið yfir teikningar frá Arkís arkitektum að endurbótum og breytingum á Myllubakkaskóla. Gert er ráð fyrir að teikningum verði skilað til byggingarfulltrúa um næstu mánaðarmót.
- Farið yfir kostnaðaráætlun, greiðsluflæði og verkáætlun vegna endurbóta 2023, D álmu og kjallara A álmu.
- Farið yfir útboðsmál.
- Ákveðið að sett verði staðbundið loftræstikerfi í Myllubakkaskóla.
- Ákveðið að nota klæðningu sem hönnuðir hafa lagt til en óskað er eftir að fá útlitsteikningu með litasamsetningu samkvæmt tillögu skólastjóra, ásamt því að kanna hvort betra væri að vera með stálklæðningu á neðri hluta, og sjá kostnaðarmun á læstri áklæðningu og stálklæðningu.

2. Holtaskóli

G. Hans Þórðarson verkefnisstjóri frá OMR verkfræðistofu fór yfir eftirfarandi þætti:

- Farið yfir frumdrög að teikningum að endurbótum og breytingum á Holtaskóla.
- Það þarf að einangra skólann að utan. Rætt um hvort hægt er að endurnýta klæðninguna sem er á byggingunni eða hvort kaupa þurfi nýja klæðningu að hluta eða öllu leyti.

- Unnið er að lagfæringum á skemmdum undir gluggum á yngsta stigi til að koma í veg fyrir leka.
- Finna þarf bráðabirgðahúsnæði til að hægt verði að loka húsnæði yngsta stigs alveg eins fljótt og unnt er.
- Starfsmannafundur verður miðvikudaginn 1. mars þar sem farið verður yfir stöðuna og framhaldið.
- Ráða þarf hönnuði að hita-, raf- og loftræstilögnum.
- Ákveðið að sett verði staðbundið loftræstikerfi í Holtaskóla.
- Til er danskur leiðbeiningarbæklingur fyrir stjórnendur stofnana vegna rakaskemmda, skoða að þýða hann og staðfæra.

3. Gimli

Rakaskemmdir fundust í Útgarði, búið er að ráða verktaka og hefst vinna við lagfæringar í næstu vinnu. Loka þarf Útgarði í þrjá daga á meðan vinna fer fram og verður starfsemin færð í aðrar deildir á meðan.

4. Heiðarsel

Búið er að fjarlægja skemmt byggingarefni og lagfæra skemmdir, farið verður í sérstök þrif á Hól og Bakka um helgina. Næstu skref eru að undirbúa allsherjarþrif á öllum skólanum og frekari skoðun og sýnatökur eru í undirbúningi.

5. Skólavegur 1

Kjallari hefur verið hreinsaður með þurrís og verið að undirbúa að steypa gólfið. Taka þarf upp gólfdukk á efri hæðum og hreinsa þar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.

Næsti fundur verður í ráðhúsi Reykjanesbæjar fimmtudaginn 2. mars kl. 14:30.